

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 31 ágúst 2023

Mættir á skrifstofu félagsins:

Guðlaugur Jónsson, Björn Ármannsson, Magnús Harðarson, Guðjón Guðjónsson

Á fjarfundi: Sigbór Hilmar Guðnason og Birgir Sigurjónsson

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Dagskrá

- Aflaheimildir komandi fiskveiðiárs, djúpkarfi, viðbrögð félagsins.
- Hvalveiðar, upplýsingar um málið.
- Staða kjarasamninga.
- Fræðslufundur um lífeyrismál.
- Haustfundur FS, Verðandi og Vísis
- Önnur mál

Mál 1. Formaður sagði frá aflaheimildum á komandi fiskveiðiári. Mikil vonbrigði voru að Matvælaráðherra staðfesti tillögu Hafró um 0 kg. í aflamark á djúpkarfa, en á síðasta fiskveiðiári var aflamark rúmlega 6000 tonn. Félagsmenn eru mjög ósáttir við þá ákvörðun ráðherra. Formaður sagði frá því að hann hefði átt fundi í matvælaráðuneytinu vegna þessa máls og hvalveiðibannsins, en ráðherra frestaði byrjun hvalvertíðar til 1. september, hún átti að hefjast 21. júní. Einnig átti hann fund með matvælaráðherra vegna þessara mála. Þá hefur hann átt fundi með skipstjórum vegna þessara mála auk fjölda símtala. Hafró gerir rannsóknir og kemst að niðurstöðum eins og varðandi djúpkarfann, leggur niðurstöðurnar fyrir alþjóða hafrannsóknarráðið og þar á eftir fyrir matvælaráðherra. Skipstjórar eru ekki sammála þessu mati Hafró, þeir segja rannsóknir alltof litlar, ákvörðun byggir á of litlum upplýsingum, þeirra tilfinning sé að stofninn þoli 6.000 tonna veiði. Staðan er þannig að ráðherra vill ekki fara gegn ráðleggingum Hafró, hún hefur sagt það hreint út opinberlega. Fram kom á stjórnarfundinum að Hafró komi iðurlaga með þann fyrirvara þegar þeir gefa út ráðleggingar á aflaheimildum að um ónógar rannsóknir sé að ræða. ÁS hefur átt fund með forstjóra Hafró nýlega um málið og sýndi hann skilning á okkar afstöðu, en sagði þá ekki geta annað en farið eftir þeim upplýsingum sem þeir hefðu. Ráðuneytið óskaði eftir umsögn frá Hafró um djúpkarfanna. ÁS hafði óskað eftir því að ráðuneytið gæfi út 5.000 tonna djúpkarfa kvóta, þar sem það væri líklegur meðafli við grálúðu og gullax veiðar. Ráðuneytið hafnaði beiðninni um 5.000 tonna kvóta. Hafró kom með tillögu um að loka stóru svæði á grálúðuslóð til að forða því að djúpkrfi veiddist þar sem meðafli. ÁS óskaði eftir fundi með ráðuneytinu til að freista þess að fá hólfíð minnkað og að aflamark í djúpkarfa yrði 4.000 tonn. Fundurinn var haldinn þar sem fjórir komu frá Hafró, fjórir frá SFS og tveir frá ráðuneytinu, með ÁS voru þrír skipstjórar. Skrifstofustjóri ráðuneytisins Áslaug kom með það svar ráðherra strax í upphafi fundar að aflaheimildir í djúpkarfa yrðu ekki gefnar út, aflamark yrði núll kg. Við skipstjórarmenn óskuðum eftir því að hólfíð yrði minnkað, það mál er nú til skoðunar hjá Hafró og bindum við vonir við að hólfíð verði minnkað.

Mál 2. Hvalveiðar. Í byrjun fundarins komu þær upplýsingar í fréttum að búið að leyfa hvalveiðar með ströngum skilyrðum. Það er fagnaðarefni. ÁS sagði að frestun ráðherra daginn áður en vertíð átti að hefjast þann 21. júní sl. væri fordæmalaus. ÁS sagði frá samskiptum sínum við áhafnir hvalbátanna, Kristján Loftsson og við ráðuneytismenn ásamt ráðherra. Rætt var um þann vanda sem við eigum við að etja, lítill skilningur meðal ráðamanna og embættismanna á því hverjar aðstæður skipstjórarmanna og sjómanna eru. Við erum að sjálfsögðu fylgjandi sjálfbærum hvalveiðum, skv. vísindalegri ráðgjöf Hafró ásamt reynslu okkar manna fer hvöllum fjölgandi.

Mál 3. PÆ fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum og hvað framundan er á næstu mánuðum. Á fundinum kom fram umræða um hinar miklu stýrivaxtahækkanir sem Seðlabankinn hefur gripið til vegna verðbólgunnar en þær munu ekki auðvelda gerð kjarasamninga í haust og vetur. Við erum búnir að gera skammtíma samninga við alla nema Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hafnsögumenn sambandsins og skipstjóra. Við eigum fund bráðlega með samninganefnd þeirra og vonumst við til að fá frá þeim tilboð sem við munum skoða.

Mál 4. ÁS sagði frá því að eftir að skrifað var undir kjarasamning fiskimanna sl. vetur til 10 ára, hafa margir félagsmenn haft samband við skrifstofuna vegna lífeyrismála en samkvæmt samningnum fengu skipstjórnarmenn 3,5% viðbót í lífeyrissjóð. Margar spurningar hafa vaknað og það er greinilegt að það hafa margir þörf á fræðslu á þessum málum. ÁS ræddi nýlega við Björn Berg, sjálfstætt starfandi ráðgjafa sem heldur námskeið fyrir einstaklinga og stofnanir þar sem farið er yfir allt sem nauðsynlegt er að vita varðandi lífeyrismál og fjármálahlíð starfsloka en þessi atriði brenna á mörgum um þessar mundir. Á fundinum ræddu stjórnarmenn m.a. hvenær og hvernig hentar þeim að sækja lífeyrisgreiðslur. Hvernig göngum við á séreignarsparnað og hvaða áhrif hefur tilgreind séreign. Hvað þarf að vita varðandi greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar og er skynsamlegt að sækja hálfan lífeyri. Loks veltu menn því fyrir sér hvort og þá hvernig þeir deili lífeyri með maka sínum. Um er að ræða faglegt 3ja klukkustunda náskaið fyrir allan aldur. Formaður lagði til að fá Björn Berg til að halda fræðslufund á Grand hótél. Talað er um í sept/okt. Voru fundarmenn sammál því og að nauðsynlegt væri að fræða félagsmenn.

Mál 5. Haustfundur FS með stéttarfélögum Verðandi í Vestmannaeyjum og Vísi í Reykjanesbæ. Menn voru sammála því að öll stjórn FS komi saman og að fundurinn verði á Grand hótél með svipuðu sniði eins og í fyrra. Það var samþykkt.

Mál 6. Önnur mál. PÆ sagði frá fundi Nordisk Navigatørkongressi í Turku í Finnlandi fyrr í þessum mánuði, útskýrði hvernig og hvenær þessar ráðstefnur systurfélaganna í Skandinavíu eru haldnar og hvar. Einnig fór hann yfir dagskrá síðasta fundar í Finnlandi og sýndi kynningarglærur FS og skýrði. Árni Sverrisson sagði frá fundi hans og Árna Bjarnasonar á fundi ITF (Fisierie section committee) í Amsterdam á síðasta ári. Þegar Árni Bjarnason hætti störfum hjá FS, tók Árni Sverrisson við og telur að það sé mikilvægt fyrir Félagið að hafa tengingu inni þessi mikilvægu samtök til að fylgjast með þeim málefnum sem þar eru rædd. Má þar nefna vinnuskilyrði fiskimanna, tillögur um úrbætur, mönnunar- og öryggismál og fl. Fundarmenn voru sammála því að halda tengingu okkar við ITF áfram.

ÁS sagði frá því að fulltrúi Samtaka smábátaeigenda hafi haft samband nýlega við sig og beðið sig um að skrifa undir fréttatilkynningu með öðrum stéttarfélögum sjómanna sem samtökin sömdu varðandi vinnu auðlindanefndarinnar. ÁS sagðist ekki geta skrifað undir þá tilkynningu og hvorki formaður VM né Sjómannasamband Íslands vilja gera það heldur.

ÁS sagði frá því að í tillögum auðlindanefndarinnar hefðu komið upp hugmyndir um að skoða einföldun á innheimtu auðlindagjalds, þannig að það yrði tekið beint af aflaverðmæti (óskiptu). Ef það verður gert eru sjómenn farnir að taka þátt í greiðslu auðlindagjalds, sem kemur ekki til greina. Við munum mótmæla því harðlega.

Skýrsla matvælaráðherra (auðlindin okkar) var lauslega kynnt. Í skýrslunni eru sett fram drög að stefnu um sjávarútveg, greining á niðurstöðum könnunar um viðhorf Íslendinga til sjávarútvegs birt og mat á þjóðhagslegum ávinningi fiskveiðistjórnunarkerfisins sett fram. Á grundvelli tillagna starfshópa er sett fram tillaga að aðgerðaáætlun, þar sem lýst er markmiðum aðgerða, ábyrgðaraðila og tímamörkum.

ÁS ætlar að semja tillögu og senda til fundarmanna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 13:59



Árni Sverrisson
formaður



Páll Ægir Pétursson
ritari